



# BJÓLFSSALIR



## BJÓLFSSALIR

Útsýnisstaðirnir hátt uppi í hlíðum Bjólfs bjóða upp á stórbrotna sýn yfir fjallasali, út Seyðisfjörðinn, niður á Seyðisfjarðarkaupstað og inn eftir dalnum.

Heiti tillögunnar **Bjólfsalir** vísa til fjallsins sjálfs og fjallasala þess, landnámsmannsins Bjólfs og sagna um að hann hafi átt bústað sinn undir fjallinu en sé heygður í því (sbr. örnefnið Haugur) og njóti því þar útsýnisins til eilíðar. Þannig fá gestir notið útsýnisins með honum þá stuttu stund sem þeir eru á fjallinu. Í yfirfærðri merkingu vísar nafnið þá einnig til kvikmyndasala, þar sem bío mynd kvöldsins er stórfenglegt útsýnið inn og út yfir Seyðisfjörðinn. Jarðlagaraðirnar í fjöllum myndu náttúrulega áhorfendapalla og þá endurtökum við í smækkaðri mynd á á útsýnisstöðum.

Tillagan miðar að því að auðkenna, styrkja og bæta þá þrjá útsýnisstaði sem fyrir eru og umhverfi þeirra. Útsýnisstaðirnir verða nefndir *Salur 1*, *Salur 2* og *Salur 3*. Áhersla verður lögð á *Sal 1* í umfangi mannvirkjagerðar.



**Bjólfsalir** verða gerðir sýnilegir úr fjarska, með ljósskífu sem staðsett verður á hæðinni við hlið *Salar 1*. Ljósskífan fangar, brýtur upp og varpar sólarljósi og auðkennir þannig staðinn frá bænum og fyrir þá sem sigla inn fjörðinn.



Núverandi snúningshringur verður græddur upp með staðargróðri og nýjum bílastæðum verður komið fyrir í hvarfi frá útsýnisstað.


Bílastæðin verða öll staðsett í hvarfi frá sölunum þremur. Vegurinn verður lokaður almennri umferð handan bílastæða og núverandi snúningshringur verður græddur upp með staðargróðri.


Hér verður á einfaldan máta búinn til skjólsæll náttúruupplifunarstaður þar sem gestir geta lesið sér til um helstu upplýsingar sem tengjast svæðinu og leitað skjóls frá veðri og (norðaustan) vindum undir hlöðnum veggþótum sem vísa veginn um svæðið.



Bergið sjálft, steindir þess og kristallamyndanir eru fyrirmynd forma í hleðslum og uppbyggingu útsýnispalls og sætaraða. Á stöku stað stírnir á kristallana í hleðslunum.

Ljósskífan sendir geisla sína víða, m.a. niður í kaupstaðinn að hugsanlegu bæjarstæði Bjólfs.






Sneiðing B-B 1:200



### SALUR 1

Aðal áningar- og útsýnisstaðurinn er *Salur 1* og verður hann aðgengilegur öllum. Þar mun útsýnispallurinn að hluta svífa yfir fjallshlíðinni, ferðamaðurinn getur hallað sér upp að handriði og kíkt út fyrir kantinn á tryggan hátt en eftir sem áður fengið fiðring í magann eða skjálfta í hnéin. Þeir hugrökkustu geta jafnvel „grammað“ smá í anda *Kate og Leo í Titanic*.






## ÚTSÝNI

Til Austurs, þar sem horft er út Seyðisfjörðinn, verða nokkur þrep niður og sætaraðir (eða einskonar opinn bíósalur) þar sem hægt verður að setjast niður, njóta útsýnisins í rólegheitum og jafnvel gæða sér á nesti. Tröppur verða vinstra megin við sætaraðirnar svo að gestir geti gengið þægilega upp og niður. Handrið úr gleri verður fyrir neðan sætin en ekki uppi á pallinum fyrir ofan þau. Þannig verður til upplifun af því að standa á bjargsbrún og í mikilli hæð, án þess að raunveruleg hættu sé fyrir hendi. Staðurinn fyrir ofan áhorfendasætin gefur jafnramt kost á óskertri útsýnismyndatöku þar sem engin handrið eru þar til að skerða sýnina yfir fagran fjörðinn í bakgrunni.

Pallurinn er lagður í landið með áherslu og tilliti til ákveðinna útsýnisátta. Í bíósætunum er sjónlínu beint út fjörðinn. Önnur sjónlína beinist að Heiðarhnjúki og enn önnur yfir Seyðisfjarðarbæ.





*Sætum yrði komið fyrir í landinu. Hér er sýnd sætiseining úr corainstálgrind með viðarsætum. Sama efnisnotkun gengur í gegnum allt svæðið.*


## SALUR 2 OG SALUR 3

*Salir 2 og 3 verða minni í sniðum en hafa þó skírskotun í efnisval og útfærslur *Salar 1*. Þar verður komið fyrir sætaröðum fyrir tvo til fjóra sem kallast á við þær jarðlagaraðir og þau náttúrulegu þrep sem fyrir eru í landslaginu.*

*Jafnframt yrðu lítill útsýnispallar með handriðum við *Sal 2* og *Sal 3* á sömu stöðum og núverandi útsýnisstaðir. Hægt væri að nota núverandi hleðslur, en bæta handriðin í takt við efnisnotkun í *Sal 1*.*



*Núverandi hleðslur á útsýnisstöðum 2 og 3 (*Sal 2* og 3) væri hægt að endurnýta. Í seinni áföngum væri hægt að bæta handriðin í takt við efnisnotkun í *Sal 1*.*



Á svæðinu, verða hlaðnir veggbútar sem vísa veginn, veita skjól þegar skjóls er þörf og kallast útlitslega á við mannvirkjarústir á Vestdalseyrinni.

QR-merkin má tengja hinum ýmsu stofnunum Austurlands, t.d. heimasíðum Seyðsfjarðarkaupstaðar, Austurlands, Náttúrustofnunar Austurlands, Lunga, List í ljósi osfrv.




## ADKOMA OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

Bílastæðin verða í hvilftinni í um 250 metra fjarlægð frá Sal 1. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða verða staðsett nær útsýnisstaðnum, ofar í brekkunni, en lagt er til að veginum verði lokað með hliði handan þeirra. Í framtíðinni mætti hugsa sér að koma fyrir salernisaðstöðu við þessi bílastæði.

Skilti sem vísa á áfangastaði, kennileiti og gönguleiðir munu taka á móti gestum þar sem núverandi snúningshringur er staðsettur og þar verður einnig hægt að finna stutta texta um áhugaverðar upplýsingar sem tengjast svæðinu; t.a.m. um upphaf Seyðisfjarðarkaupstaðar (þ.m.t. nýfundinn landnámsbæ í landi Fjarðar), landnámsmanninn Bjólf og örnefnið Haugur, gönguleiðina að Vestdalsvatni og að skúta Fjallkonunnar. Ennfremur kenningar um hver Fjallkonan var og fornleifar sem þar hafa fundist, gönguleiðina frá Vestdalseyri yfir á hérað og hvaða hlutverk sú leið hafði, byggðina á Vestdalseyri o.s.frv. Á svæðinu, verða hlaðnir veggbútar sem vísa veginn líkt og vörður, veita skjól þegar skjóls er þörf og kallast útlitslega á við mannvirkjarústir á Vestdalseyrinni.

Öðrum upplýsingum um svæðið, t.a.m. um náttúru, bæjarlíf og menningu, verða gerð skil með QR-merkjum (e. barcode) úr stáli sem komið verður fyrir á steinum við áningarstaðina.



*Ljósskífan Bjólfsauga stendur á hæðinni við hlið Salar 1. Geometrískt formað glerið mun glitra eins og kristall í bergi að sumri, en senda síðustu geisla sólar niður í kaupstað að vetri. Við hlið hans verður hægt að sækja sér upplýsingar um menningartengda starfsemi Seyðisfjarðarkaupstaðar, t.a.m. List í ljósi. Þannig verður til samtal á milli byggðar og náttúru.*

#### LJÓSSKÍFAN BJÓLFSAUGA

Ljósskífan Bjólfsauga mun kalla til sín gesti úr öllum áttum með glampanði endurvarpi sólar. Skífan verður kúpt, úr geometrískt formuðu gleri (t.d. gleri úrvita) eða plexigleri sem fangar sólargeislana, endurkastar þeim og dreifir; einnig í átt til kaupstaðar eftir að sólin er komin í hvarf.

Formið mun þannig minna á ljósskífu úr vita en einnig vitna í kristallamyndanir í berginu á Bjólfi. Við hlið skífunnar verða fyrrnefndir steinar með áföstum QR-merkjum sem munu tengja gesti við heimasíðu hátíðarinnar List í ljósi, sem og aðra menningartengda starfsemi bæjarfélagsins. Þannig skapar skífan annars vegar hugrenningartengsl um Bjólfssali í stærra samhengi (líkt og viti) en færir einnig íbúum Seyðisfjarðar geisla sólar lengur en nú er. Skífan myndar beina tengingu við kaupstað og umhverfi, lokkar/seiðir gesti að firðinum og útsýnisstaðnum og tekur sér hlutverk náttúru- og menningarvita.



*Ljósskífan í Bjólfssölum mun fanga síðustu geisla sólar og glampa í fjarska líkt og ljós í vita og þannig lokka til sín gesti úr öllum áttum; innan úr dal, neðan úr kaupstað og utan af sjó.*





Göngugarpar á leið yfir í Vestdal og niður á Vestdalseyri.


### ÚTVISTAR- OG ÚTSÝNISSVÆÐIÐ BJÓLFSSALIR

Markmiðið er að styrkja upplifun gesta af náttúru og útsýni á öruggan hátt, jafnframt því sem búinn er til áfangastaður sem hefur þýðingu og gildi fyrir gesti, jafnt sem heimamenn; þ.m.t. Seyðfirðinginn sem vill skutlast upp í fjall að vinnudegi loknum, njóta kvöldsólarinnar með kakó á brúsa.

Útsýnissvæðið á Bjólfi yrði tengt öðrum áfangastöðum á svæðinu, sérstaklega þá Vestdalsvatni og Vestdalseyri. Þetta verður gert með því að gera gönguleiðum góð skil ásamt því að gestir fái upplýsingar um sögur, staðreyndir og kenningar sem tengjast þessum þremur stöðum. Mætti þá stefna á að koma upp sambærilegum upplýsingaskiltum á Vestdalseyrinni og við Vestdalsvatn þegar fram líða stundir og búa þannig til heildstæða upplifun af svæðinu.

Þannig má byggja upp sterka ímynd fyrir útivistar- og útsýnissvæðið Bjólfssali sem verður leikur einn að markaðssetja sem enn einn kristallinn á þessu stórbrotna náttúru- og menningarsvæði.





## EFNISVAL

Pallar og sætisraðir í *Sölum 1, 2 og 3* verða smíðaðar úr corteinstálgrindum. Burðarvirki verður úr stálsúlum sem verða grundaðar. Einingar mannvirkjanna verða forsmíðaðar og settar saman á staðnum. Handrið verða einnig úr corteinstáli; rimlar / pílárar með áföstum rúnuðum viðarhandlistum. Til hliðanna, meðfram tröppum og sætaröðum *Salar 1* verða heilar corteinstálplötur. Það er til þess gert að ramma inn og leggja áherslu á útsýnisáttina út fjörðinn. Fyrir neðan tröppurnar verður handrið úr gleri sem mun auka sýn og hæðartilfinningu. Ofan á grindum í tröppum og á hlöðnum veggjum verða sæti unnin úr hefluðu lerki úr Hallormstað eða rekavið.

Almennt skal leitast til að nota efni sem ekki koma langt að til að draga úr vistspori mannvirkjanna. T.d. mætti skoða hvort hluti af stáli getur verið endurnýttur úr iðnaði af Austurlandi og að timbur í bekk og handlista verði almennt úr heimabyggð. Grjót sem nú þegar er á staðnum verði notað þar sem það er hægt, s.s. í hleðslur.



## ÁFANGASKIPTING

Auðvelt er að brjóta tillöguna niður í smærri verkefni sem hægt yrði að framkvæma í áföngum.

Tillaga að áfangaskiptingu:

1. Lagfæringar á aðkomuvegi og gerð mætingarsvæða, í samstarfi við Vegagerðina (?)
2. *Salur 1*, almenn bílastæði og bílastæði fyrir hreyfihamlaðra. Vegur lokadur almennri umferð handan bílastæða og landgræðsla á núverandi snúningshring hefst.
3. Bjólfsauga
4. Hleðslur, upplýsingaskilti og QR-steinar
5. *Salur 2* og *Salur 3*. Núverandi útsýnispallar bættir með nýjum handriðum og litlum sætaröðum komið fyrir í landslagi.
6. Salernisaðstaða.

*Par sem tröppur / sætaraðir eru staðsett myndast skarð í grindverk sem gefur tilfinningu fyrir bjargbrún. Þannig býr hið manngerða til upplifun hins náttúrulega.*



#Bjólfsalir  
#Bewolf  
#Nordic Architecture  
#Infinity  
#Seyðisfjörður  
#Austurland